



Vinumarkaður í ferðapjónustu


Í júlí 2017 unnu 15,7% launþega í landinu í ferðapjónustu og hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Síðan hefur dregið nokkuð úr og í júlí 2019 unnu 14,2% launþega í ferðapjónustu. Í þessum kafla er m.a. fjallað um starfsfólk í ferðapjónustu, launþróun og stöðu erlends starfsfólks.

Í upphafi árs 2008 samsvaraði fjöldi launþega í ferðapjónustu um 7,1% launþega í öllu hagkerfinu. Þetta hlutfall var komið niður í 6,6% í janúar 2009 en tók að hækka eftir það. Uppgangur ferðapjónustunnar var mikill á næstu árum og má segja að hún hafi tekið við mest allri fjölgun launþega í landinu.


Ferðapjónustan er nokkuð sveiflukennd grein sem kallar til sín mun fleira starfsfólk yfir sumarmánuðina en á veturna. Á það einkum við um ferðapjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Því er betra að nota hlaupandi meðaltöl til þess að sýna þróunina eins og hér er gert.

Sé litið á breytingar á fjölda starfsfólks milli ára sést að ferðapjónustan fór úr mikilli fækkun á ársgrundvelli yfir í u.þ.b. 8% fjölgun á stuttum tíma milli 2008 og 2010. Eftir það varð aukning í fjölda launþega verulega mikil, allt frá 8% til 21% á ári allt fram til loka ársins 2016. Fjölgun starfsfólks í greininni var mun meiri en í hagkerfinu í heild. Frá árinu 2017 hefur verulega hægt á fjölgun starfa í ferðapjónustu og á á þessu ári hefur verið um fækkun að ræða, í fyrsta sinn síðan árið 2009. Í júlí sl. voru þannig rúmlega 9% færri launþegar í ferðapjónustu en í júlí 2018.


Greinar innan ferðapjónustunnar eru mismunandi mannaflsfrekar. Veitingasala og -þjónusta kalla á mesta mannaflann. Rekstur gististaða og farþegaflutningar með flugi eru næstar í röðinni. Í öllum þessum greinum var um mikla fjölgun starfsfólks að ræða, en þó var töluverður munur á. Sé fjöldi launafólks settur sem 100 á árinu 2008 sést að fjöldi starfsfólks hafði meira en fjórfaldast hjá ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum og bókunarþjónustu á árunum eftir 2017. Næst mesta hlutfallslega fjölgunin var í rekstri gististaða.



12 mánaða hlaupandi meðaltal



12 mánaða hlaupandi meðaltal



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Samsetning starfa innan greinarinnar hefur því breyst dálítið á síðustu árum. Mesta breytingin hefur verið í veitingasölu og -þjónustu, en um helmingur starfsfólks í ferðaþjónustu vann í veitingarekstri á árunum 2008 og 2009. Starfsfólki í veitingarekstri fjölgaði ekki eins mikið og í öðrum greinum ferðaþjónustu fram til 2017 og því minnkaði hlutfall greinarinnar innan ferðaþjónustu niður í 36% á árinu 2018. Að sama skapi hefur verið mikil hlutfallsleg fjölgun á starfsfólki gististaða, úr 17% af ferðaþjónustu allri upp í 23% á árinu 2018. Þá hefur einnig orðið mikil hlutfallsleg fjölgun starfsfólks á ferðaskrifstofum og tengdri starfsemi, úr 7% af mannafla í greininni 2008 upp í 14% á árinu 2018.

Eftir áföllin sem ferðaþjónustan hefur orðið fyrir í tengslum við fall WOW air og vandamál Icelandair vegna Boeing 737-MAX flugvélanna liggur nokkuð beint við að þörf er fyrir aukna hagræðingu í ferðaþjónustu. Ein birtingarmynd slíkrar hagræðingar verður vafalaust fækkun fyrirtækja og þar með starfsfólks í greininni, allavega í einhvern tíma í kjölfar hagræðingar.


Laun í ferðaþjónustu

Hagstofan fór að birta launavísitölu fyrir rekstur gististaða og veitingarekstur í upphafi ársins 2019. Nothæfar upplýsingar fyrir launaþróun í greininni fram að þeim tíma eru litlar. Upplýsingar Hagstofunnar um launaþróun í þessum undirgreinum ferðaþjónustunnar ná frá janúar til maí 2019. Þótt hér sé um skamman tíma að ræða er hægt að meta áhrif kjarasamninganna frá því orðið 2019 á greinina.

Launavísitalan fyrir allan vinnumarkaðinn hækkaði um 2,9% frá desember 2018 fram í júní 2019. Á sama tíma hækkaði launavísitalan fyrir rekstur gististaða og veitingarekstur um 6,1%. Þetta var mesta hækkun vísitölunnar sem mældist á þessum tíma, næst hæsta gildið var fyrir starfsstéttina þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, sem hækkaði um 5,7%, og skrifstofufólk, sem hækkaði um 4,4%.


Í samningunum hækkuðu laun allra um kr. 17.000 og sé gengið út frá áhrifum þeirrar hækkunar má ætla að meðallaun í greininni séu með því allra lægsta sem þekkist, eða undir kr. 300.000. Ýmsir aðrir þættir kunna líka að hafa áhrif á launavísitöluna, en margt bendir til þess að

Þróun fjölda starfsmanna í ferðaþjónustu




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Samsetning launþega í ferðaþjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launavísitala 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



meðallaun í greininni rekstri gististaða og veitingarekstri séu með því allra lægsta sem gerist.

Staða erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu

Hagtölur um stöðu erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu eru frekar rýrar. Atvinnuleysi erlendra starfsmanna er flokkað eftir atvinnugreinum og er þar að finna greinina gisting og veitingar. Þar má sjá að atvinnulausir útlendingar í greininni voru 453 í apríl 2019 sem þá var 18% af atvinnulausum útlendingum. Í apríl 2018 voru 274 erlendir starfsmenn atvinnulausir í greininni sem var þá um 20% atvinnulausra útlendinga. Tölur um atvinnulausa erlendra starfsmenn eru ekki kyngreindar eftir atvinnugreinum.

Í febrúar 2019 héldu þær Magnfríður Júlíusdóttir og Íris H. Halldórsdóttir fyrirlestur á vegum Ferðamálastofu. Þar komu fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna í ferðaþjónustunni.


Hlutfall erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu hefur aukist mikið á síðustu árum. Þannig voru 49% starfsmanna í gististarfsemi erlendir starfsmenn á árinu 2017 og hafði hlutfall þeirra aukist úr 27% á árinu 2009. Hlutfall erlendra starfsmanna í veitingaþjónustu var 24% á árinu 2017 og 23% í skrifstofustörfum innan ferðaþjónustu.

Um þrír af hverjum fjórum erlendum starfsmönnum í ferðaþjónustu unnu í gisti- og veitingastarfsemi á árinu 2017, þannig að yfirgnæfandi fjöldi útlendinga í greininni starfar í þessum tveimur undirgreinum.

Hlutfall erlendra starfsmanna er nokkuð mismunandi eftir svæðum á landinu. Þannig voru rúmlega 40% starfsmanna í ferðaþjónustu á Suðurlandi á árinu 2017 erlendir og 37% á Austurlandi. Lægst var hlutfall erlendra starfsmanna 15% á Norðurlandi eystra og 18% á Vestfirðum 2017.


Fjöldi erlendra launþega í ferðaþjónustunni er mismunandi eftir svæðum og fjölgun þeirra mismikil. Eðli málsins samkvæmt eru flestir erlendir starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru rúmlega 4.200 á árinu 2017. Á milli árána 2009 og 2017 fjölgaði erlendum starfmönnum mest á Suðurnesjum, eða um 769%. Minnsta fjölgunin var á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili, eða 227%. Alls fjölgaði erlendum starfsmönnum í

Hlutfall erlendra starfsmanna í undirgreinum ferðaþjónustu




Heimild: Magnfríður Júlíusdóttir og Íris H. Halldórsdóttir 2019.

Hvar unnu erlendir starfsmenn í ferðaþjónustu 2017?



Heimild: Magnfríður Júlíusdóttir og Íris H. Halldórsdóttir, 2019.

Hlutfall erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu eftir landshlutum 2017




Heimild: Magnfríður Júlíusdóttir og Íris H. Halldórsdóttir,



ferðaþjónustu um tæplega 5.800 manns, eða um 333%.

Fjöldi erlendra launþega 2009 og 2017



Heimild: Magnfríður Júlíusdóttir og Íris H. Halldórsdóttir,

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.